Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

15. tölublað 7. árgangur Verð kr. 80.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

KFÍ/ML 2 ár í baráttu

Þann 15. apríl eru tvö ár liðin frá stofnun Kommúnistaflokks Íslands marxista-lenínista. Sökum þessara tímamóta er ekki úr vegi að staldra örlítið við og líta um öxl yfir farinn veg. Og ekki hvað síst vegna þess að stofnun KFÍ/ml markaði örlagarík tímamót í þeirri þróun sem endurreisn marxísku-lenínisku hreyfingarinnar hefur gengið í gegn um.

Sú sókn marxismans-lenínismans sem hófst árið 1971 gegn svikum endurskoðunarstefnunnar allt frá þriðja áratugnum, hefur nú staðið í sjö ár. Þegar í upphafi rituðu marxistar-lenínistar á gunnfána sinn "endurreisum Kommúnistaflokk Íslands" og gat því engum blandast hugur um hvert var eðli hinnar nýju hreyfingar. Það útheimti einnig töluvert hugrekki árið 1971 að játa upp á sig kommúnisma í landi þar sem orðið kommúnisti var algengt skammaryrði sem vinstrimenn kepptust um að þvo af sér. Það skal því engan undra að það hafi verið erfiðleikum bundið fyrir hina ungu hreyfingu að vinna sér traust og fylgi meðal vinnandi stétta.

Það var og staðreynd að hún átti sér einkum rætur og stuðning meðal menntamanna,

Framhald á síðu 2

Pétur „sjómaður" svíkur enn

Ljóst er af viðbrögðum stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur við útskipunarbanni Verkamannasambandsins að Pétur "sjómaður" Sigurðsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins o. fl. og klíka hans í forystu sjómannasamtakanna hefur ekki verið vængstýfð nærri nógu rækilega þegar hyskið var fellt úr stjórn Sjómannasambandsins.

Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur með Pétur "sjómann" í broddi fylkingar hefur samþykkt að skora á verkalýðssamtök erlendis að leggja ekki löndunarbann á ísl. skip sem sigla með afla í því skyni að komast hjá útskipunarbanninu hérlendis. Með þessari samþykkt sinni reynir forysta Sjómannafélagsins að ala á sundrungu milli verkafólks og sjómanna þ. e. vinna klofnings starf innan verkalýðsstéttarinnar. Slík vinnubrögð eru ekki einungis skaðleg þau eru beinlínis glæpsamleg af hálfu stjórnar í verkalýðsfélagi.

Alger samstaða verður ávalt að ríkja milli verkafólks í landi og á sjó. Þetta hefur margsýnt sig í því að þegar aðrir hvorir hafa staðið í baráttu hafa þeir oft þurft á stuðningi hins að halda, svo ekki sé minnst á þann kraft sem felst í því báðir aðilar leggist á eitt í baráttunni.

Í verkalýðsbaráttunni verður það að liggja milli hluta hvort einn eða annar einstaklingur eða hópur tapar eða græðir einni krónunni meira eða minna. Það eru hagsmunir heildarinnar sem skipta öllu máli - hagsmunir verkalýðsstéttarinnar sem slíkrar.

Þess vegna verða sjómenn að snúast gegn samþykkt stjórnar Sjómannafélags Reykjavíkur og vinna að því að steypa henni af valdastóli

framhald á s. 4



Frá uppstillingu fjölmennrar göngu "Baráttueiningar" sem Kommúnistaflokkurinn gekkst fyrir árið 1977. Nú hafa róttæku öflin sameinast um kraftmikla baráttugöngu næstkomandi 1. maí.

Öflug samfylking 1. maí

Sú ósk fjölda verkafólks og annarrar vinnandi alþýðu að hin róttæka verkalýðshreyfing sameinaðist á 1. maí, er að rætast. Undanfarin ár hefur verið um þrjár eða fleiri göngur að ræða á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Í fyrra gekkst t.d. Kommúnistaflokkur Íslands fyrir baráttugöngu, útifundi og innifundi undir nafninu "Baráttueining".

Sömuleiðis gerði Fylkingin undir nafni "Rauðrar verkalýðseiningar" og auk þessa var svo ganga og útifundur ASÍ-forystunnar.

Þann 10. þessa mánaðar var haldinn fundur þar sem mættu margir einstaklingar og fulltrúar frá ýmsum samtökum s.s. Kommúnistaflokknum, Fylkingunni, Rauðsokkahreyfingunni, stúdentasamtökum og úr verkalýðshreyfingunni.

Þar var endanlega ákveðið að um sameiginlegar aðgerðir verði að ræða en ekki er þó endanlega búið að ganga frá málum allra samtakanna.

Ákveðið var að fulltrúar úr hverjum samtökum kysu menn úr sínum röðum sem sæti myndu eiga í framkvæmdanefnd þessara aðgerða.

Ljóst er að þessi samfylking táknar tímamót í verkalýðsbaráttunni. Til samans voru aðgerðir "Baráttueiningar" og "Rauðrar verkalýðseiningar" jafnvel stærri en aðgerðir forystumanna ASÍ í fyrra. En þá voru margir sem þó stóðu utan við vegna þess að þeir voru óánægðir með klofninginn. Er því þess að vænta að aðgerðirnar í ár verði enn fjölmennari og kraftmeiri en þær voru í fyrra.

Samfylking "Baráttueiningar" og "Rauðrar verkalýðseiningar" mun leggja höfuðáherslu á baráttuna gegn auðstéttinni og allri samvinnu milli verkalýðsstéttarinnar og auðstéttarinnar. Samfylkingin hefur markað skýra stefnu í baráttunni gegn undanslætti og stéttasamvinnu ASÍ-forystunnar. Hún mun taka upp almenna dægurbaráttu alþýðunnar og hún mun taka upp alþjóðlega baráttu verkalýðsins gegn kúgun og heimsvaldastefnu út um allan heim og styðja hana.

Ljóst er að þessi samfylking táknar að gerðar hafa verið málamiðlanir og þá sérstaklega milli Kommúnistaflokksins og Fylkingarinnar. Lögð hefur verið áhersla á að sameinast um það sem skiptir mestu máli og leggja til hliðar í bili það sem á milli ber. Ágreiningsmálin hafa að mestu staðið um þá afstöðu Kommúnistaflokksins að telja Sovétríkin heimsvaldasinnuð. Um þetta mál var gerð sú miðlun að í göngunni skuli tekin upp baráttan fyrir því að Varsjárbandalagið hverfi með heri (aðallega sovétmenn) út úr Tékkoslóvakíu og eins fyrir lýðréttindum og frelsi pólitískra fanga í Sovétríkjunum.

Fleiri mál voru afgreidd

framhald á s. 2

Verkalýðsbaráttan skerpist og harðnar

Nú hafa langflest verkalýðsfélög landsins ákveðið að taka þátt í aðgerðum verkalýðshreyfingarinnar sem er útflutningsbann. Þessa ákvörðun um útflutningbann hefur verkalýðsforystan tekið eftir marga lokaða fundi bæði með atvinnurekendum og með sjálfri sér. Þrátt fyrir allar harðorðu samþykktirnar og ályktanirnar sem gerðar hafa verið á þingum, ráðstefnum og fundum, um að beitt skyldi hörðustu aðgerðum gegn hverri árás á hendur verkalýðnum, þá tók það tvo mánuði að hefja aðgerðir. Undantekning er þó tveggja daga verkfallið sem var mikilvæg aðgerð í mótmælaskyni en ekki sem aðgerð til að knýja atvinnurekendur efnahagslega til að borga samkvæmt undirrituðum samningi

Hörðustu verkfallsaðgerðum átti að beita strax eins og ákveðið hafði verið en verkalýðsforystan sveik öll sín loforð þess efnis. Þessu hefur Stéttabaráttan varað við og nú er það staðreynd enn einu sinni. Verkalýðurinn verður að líða fyrir sýndarmennsku og linkind verkalýðsforystunnar gagnvart atvinnurekendum.

Útflutningsbannið

Þrátt fyrir að verkalýðsforystan reki sína undansláttarpólitík er mikilvægt að verkafólk standi vel að þeim aðgerðum sem ákveðnar eru.

Verkalýðsforystan hefur hvergi sýnt fram á að útflutningsbann sé kröftugasta aðgerð sem verkalýðshreyfingin

framhald á s. 2



Laugardaginn 15. apríl verður haldinn opinn fundur í Tjarnarbúð uppi, á vegum KFÍ/ML, fyrir alla velunnara flokksins og félaga. Fundurinn er haldinn í tilefni af tveggja ára afmæli flokksins. Á fundinum verða kynntar áætlanir um framboð til alþingiskosninga og auk þess verður haft ýmislegt til skemmtunar. Fundurinn hefst kl. 15 og eru allir velunnarar flokksins hvattir til að fjölmenna.

LEIÐARI

1. mai

Samfylking róttækra afla á 1. maí er ánægjulegur viðburður og mjög mikilvægur fyrir verkalýðsbaráttuna. Það er samfylking þeirra tveggja afla sem undanfarin ár hafa staðið fyrir sjálfstæðum aðgerðum á 1. maí og borið heitin Baráttueining og Rauð verkalýðseining. Samfylkingin í ár leggur megin áhersluna á baráttuna gegn kjaraskerðingunum og stéttasamvinnu ASÍ-forystunnar.

Aðalástæða þess að nú verður víðtæk samstaða á 1. maí er það alvarlega ástand sem skapast hefur í efnahagsmálum. Kjaraskerðingarnar undanfarið, afskipti ríkisvaldsins af kjarasamningum og aðgerðarleysi verkalýðsfélaganna kalla á víðtæka samfylkingu þeirra afla sem hafa sýnt vilja sinn til að snúa þessari þróun við. Setja verður baráttunni ákveðin markmið sem miða að því að full atvinna haldist og kjör almennings verði ekki skert.

Efnahagsvandinn og kreppueinkenni sem nú eru a lofti, stafa ekki af því að verkafólk hafi of há laun. Síður en svo. Þetta er þvert á móti orðið aðaleinkenni á öllum vestrænum ríkjum í dag. Hvarvetna í Evrópu hefur framleiðslan dregist saman og söluerfiðleikar aukist. Í mörgum ríkjum Evrópu er ástandið orðið mjög alvarlegt og tugir þúsunda verkamanna eru nú atvinnulausir, vegna þess að skipulagslaus gróðasjónarmið auðstéttarinnar megna ekki lengur að halda framleiðslunni gangandi. Orsaka efnahagsvandans er að leita í efnahagsuppbyggingu þjóðfélagsins sem byggist á auðsöfnun, einkarekstri, innbyrðis togstreitu og samkeppni. Það eru innbyrðis gallar auðvaldsþjóðfélagsins sem eru að rífa það til grunna. Auðvaldsþjóðfélagið hefur enga möguleika til að leysa úr innri andstæðum með hefðbundnum aðferðum.

Aðeins stöðvun framleiðslunnar og eyðilegging framleiðslukrafta er það svar sem auðvaldsþjóðfélagið finnur þegar ekki finnst lengur neinn til að kaupa vörurnar á því verði sem tryggir auðstéttinni gróða. Með því að skerða kaupmátt launa enn frekar og þrengja þannig kaupgetu almennings, eins og stefna núverandi valdhafa er, styttist enn í það að atvinnuleysi verði hlutskipti íslensks verkalýðs.

Samfylking þeirra afla sem snúa vilja þessari þróun við er því mjög mikilvæg og getur haft afgerandi mikilvægi fyrir þróun efnahagsmála komandi tíma.

Leggja verður höfuðáherslu á verndun kaupmáttar launa og snúast verður gegn öllum tilraunum stéttasamvinnupáfanna innan verkalýðsfélaganna, sem svíkja vilja þessa baráttu.

Í kröfugöngu Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar verður lögð höfuðáhersla á baráttuna gegn stéttasamvinnunni og auðstéttinni. Það er sjónarmið Kommúnistaflokks Íslands ML að forystumönnum Alþýðusambands Íslands sé ekki treystandi til að heyja baráttuna af fullri einurð vegna þeirra stéttasamvinnusjónarmiða sem þar eru ríkjandi. Kommúnistaflokkurinn skorar því á verkafólk og vinnandi alþýðu að fylkja sér undir kröfur Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar á hinum alþjóðlega baráttudegi verkalýðsins 1. maí næstkomandi. Með því sínum við í verki að við veljum leið stéttabaráttunnar í stað samvinnu við auðstéttina. ASÍ-forystan hefur með stéttasamvinnustefnu sinni fyrirgert öllu trausti verkalýðsins á sér.

Framhald af forsíðu

Verkalýðsbaráttan skerpist og harðnan

getur gripið til. Enda er ekki hægt að sýna fram á það. En samt er það mikilvæg baráttuaðgerð sem allir verða að leggjast á eitt um að verði virt og virk í framkvæmd.

En það er allsendis ólíklegt að útflutningsbannið leiði til sigurs baráttuna fyrir "samningunum í gildi". Til þess verður að beita harðari aðferðum s. s. skæruverkföllum og öðrum pólitískum aðgerðum.

Stéttsvik forystumanna

Mismunandi var hvernig brugðist var við samþykktum verkalýðstoppanna um útflutningsbann á hinum ýmsu stöðum á landinu. Rúmlega 20 félög brugðust skjótt við og samþykktu útflutningsbannið og á Seyðisfirði gekk það þegar í gildi um allar vörur nema loðnumjöl. Almennar undirtektir verkafólks eru góðar nema að menn vilja harðari aðgerðir og að þeim hefði verið beitt fyrr og mun fyrr.

Allir muna hvernig Alþýðusamband Vestfjarða sveik í baráttunni þegar yfirvinnubannið stóð yfir í fyrra. Þá samdi það sér og félagsmenn þess hófu að vinna yfirvinnu, áður en annað verkafólk hafði ákveðið nokkuð í þá átt. Þá brást ASV samstöðu verkafólks. Nú hefur ASV enn ákveðið að taka ekki þátt í baráttunni gegn ólögunum og það ætlar ekki að hefja útflutningsbann. Gegn þessum starfsháttum forystumanna ASV verða almennir félagsmenn að gera uppreisn. Þeir verða að fella úr stjórnum verkalýðssamtaka slíkar málpípur auðstéttarinnar. Sama er að segja um verkalýðsforystuna á Reyðarfirði, hún ákvað að taka ekki þátt í útflutningsbanninu.

Frumvarp Alberts

Heildsalinn, sjálfstæðismaðurinn og þingmaðurinn Albert Guðmundsson lagði fram tillögu til þingsályktunar, þess efnis að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til að fá Verkamannasambandið til að draga til baka samþykktir sínar um útflutningsbannið. Nái þau áhrif ekki tilgangi sínum, skuli ríkisstjórnin leggja fram frumvarp sem banni verkföll "sem stefni þjóðarbúinu í voða".

Eins hafa forsvarsmenn atvinnurekenda hótað verkbanni og ógnað með atvinnuleysistali.

Þeir geta tekið stórt upp í sig þessir auðstéttarmeðlimir sem lifa á arðráni og annarra manna vinnu. Gegn þeim og þeirra stóru áætlunum verður verkalýðshreyfingin að berjast og hún á ekki að láta líðast að þessir menn, sem hafa silfurskeið í munninum, geti komið fram fyrir alþjóð með hótanir og ógnanir gegn vinnandi fólki í landinu. Verkalýðshreyfingin verður að snúa orðunum við uppi í þessum mönnum og láta þá éta þau ofan í sig, því þeir eiga í raun engan rétt.

Þeir eru menn sem ekkert vinna og engum gagn gera en lifa og hrærast á herðum annarra.

KFÍ/ML 2 ár í baráttu

Framhald af forsíðu

sem vegna síns fræðilega áhuga og kynna af líkum hreyfingum erlendis, reyndist auðveldara að tileinka sér fræðikenningu marxismans-lenínismans. Sökum þessa uppruna síns og reynsluleysis í stéttabaráttunni við íslenskar aðstæður bar hreyfingin fjölmörg einkenni reikanda í afstöðu sinni og hin fálmandi fyrstu spor hennar báru mörg einkenni vinstri einangrunarstefnu. En hver álasar barni sem stígur í fyrsta skipti í fæturna fyrir að geta ekki gengið eins og fulltíða maður. Slíkar ásakanir leita aðeins á huga barnsins sjálfs.

Í upphafi nefndi hin unga hreyfing sig Kommúnistahreyfinginn ML. Fljótlega (í ágúst 1972) eftir að málgagn hennar Stéttabaráttan hóf göngu sína voru Kommúnistasamtökin ML stofnsett.

Stofnun KSML táknaði mikilvægt skref fram á við í baráttunni fyrir endurreisn flokksins. Má það einkum marka á því að þá fyrst fékk hreyfingin fast ákveðið skipulag og upp frá því hófst baráttan fyrir uppbyggingu lýðræðislega miðstjórnaraflsins, en sú barátta er öxullinn í starfi allra sannra marxískra-lenínískra flokka. Það er enginn efi á því að þau tæpu fjögur ár sem KSML var við lýði fór fram hatröm barátta milli borgaralegrar afstöðu og öreigalegrar afstöðu til fræðikenningarinnar og í starfinu. Það er því fyrst og fremst sigur hinnar réttu afstöðu sem leiðir til stofnunar KFÍ/ml 15. apríl 1976..

Þetta þýddi þó engan vegin endalok þessarar baráttu heldur þvert á móti var baráttan nú háð á mun meðvitaðri hátt. Enda gera marxistar-lenínistar sér grein fyrir að baráttan milli þessara tveggja afstaðna verður við lýði allt þar til stéttir líða undir lok. Beiting fræðikenningar marxismans-lenínismans við íslenskar aðstæður í baráttu og starfi meðal fjöldans hafði sýnt félögum í KSML fram á margar vinstri hentistefnuvillur sem hreyfingin var sýkt af allt frá fyrstu bernskudögum. Um þetta segir m. a. í inngangi að bæklingnum "Hvað vill KFÍ/ml" : "Stofnþing KFÍ/ml táknar einnig staðfestingu á því uppgjöri við vinstri einangrunarstefnuna sem háð var innan KSML. Þó væri rangt að líta svo á, að þeirri baráttu væri þar með lokið. Þvert á móti er ætlun KFÍ/ml að margefla baráttuna gegn villum "vinstri" og "hægri" hentistefnunnar í öllu starfi sínu, sem mikilvægur þáttur í uppbyggingu flokksins".

Á tveggja ára vegferð flokksins hafa þessi orð vissulega sannreynst því eitt mikilvægasta verkefni flokksins hefur einmitt verið að efla baráttuna gegn villum "vinstri" hentistefnunnar. Og að skapa flokknum baráttulínu við íslenskar aðstæður.

Það verður einnig að viðurkennast að í kjölfar þessarar baráttu hafa átt sér stað margvíslegir klofningar og hafa þeir fylgt hreyfingunni svo að segja frá upphafi.

Það er einnig staðreynd að ML-hreyfingunni hefur ekki tekist að losa sig við barnasjúkdóma sína sem sést best á því að klofningur viðhelst enn í henni. Ástandið í dag kallar því á áframhaldandi baráttu gegn villum "vinstri" einangrunarstefnunnar sem speglast fyrst og fremst í starfi og stefnu Eik/ml. Það er því komið undir leiðsögn KFÍ/ml að þessi barátta verði til lykta leidd innan hreyfingarinnar. En leiðsögn KFÍ/ml táknar einnig miklu víðtækara og mikilvægara uppgjör sem er baráttan við endurskoðunar- og endurbótastefnuna innan verkalýðshreyfingarinnar og í þjóðfélaginu öllu og baráttu fyrir einingu verkalýðsstéttarinnar á grundvelli stéttabaráttunnar. Samhliða uppgjörinu við "vinstri" hentistefnuna innan ML-hreyfingarinnar hefur þetta verkefni hlotið æ meira rými og mikilvægi í starfi flokksins. Þetta má einkum marka á því að á tveggja ára göngu sinni hefur flokkurinn aflað sér æ sterkari stöðu innan verkalýðshreyfingarinnar og afstaða flokksins nýtur æ meira trausts innan annarra fjöldasamtaka. Styrkur KFÍ/ml í dag er þannig einkum fólginn í þeirri réttu pólitísku afstöðu sem hann rekur og þeim sívaxandi rótum sem hann hefur öðlast meðal verkalýðsins.

Annað landsþing KFÍ/ml staðfesti þetta eins og kemur skýrt fram í ályktunum þess og birtar voru í 13. tbl. Stéttabaráttunnar. Sú barátta sem flokkurinn stendur í dag frammi fyrir er vissulega erfið en félagar KFÍ/ml bjóða hverskonar erfiðleikum byrginn staðráðnir í því að sigrast á þeim. KFÍ/ml er vaxandi í íslenska þjóðfélaginu og mun láta mikið að sér kveða á komandi árum.

Lengi lifi Kommúnistaflokkur Íslands ML.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

●Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.

●Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10, Hellissandi og Gísli Hjaltason pósthólf 63, Stykkishólmi.

●Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

●Akureyri: Jón Atli Jatvarðsson, Skarðshlíð 30.

●Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

●Hornafjörður: Skúlf Waldorff, Silfurbraut 2.

●Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.

●Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

Athugasemd

Vegna ásakana Stéttabaráttunnar, um að ég sé verkfallsbrjótur er eftirfarandi tekið fram:

1. Ég vinn hálfan daginn á vinnustofum Kópavogshælis og er í BSRB: Dagana fyrir tilraunina til allsherjarverkfalls var árangurslaust að ná samstöðu með samstarfsfólki mínu, sem ég umgengst á vinnutíma f. hádegi.
2. Mánudaginn fyrir verkfallstilraunina fór einn BSRB starfsmaður eftir minni áeggjan á fund trúnaðarmanns okkar á hælinu Andrésar vaktmanns og fór þess á leit við hann, að boða til fundar, vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar og verkfallsboðunarinnar. Andrés kvaðst ætla á fund með BSRB forráðamönnum kl.5 og að hann færi eftir því hvort þeir ráðlegðu sér það. Ekki hafa þeir hvatt kappann Andrés mikið, því ekkert hefur frá honum heyrst enn um fundarboð.
3. BSRB veitti mínum vinnustað öllum undanþágu í allsherjarverkfallinu í nóv. utan einum kennara.
4. Tilraun til að leika einleik og mæta ekki til vinnu við þessar aðstæður, hefði orðið til lítils gagns í baráttunni, aðeins velt vinnubyrðinni yfir á vinnufélaga mína, sem taka við vistmönnum felur vísvitandi málsatvik til þess að bera ógeðsleg svik upp á mig og pólítísk samtök sem hann veit ekki einu sinni með vissu hvort ég er félagi í.

Dragi hann ekki ásakanir sínar til baka lýsi ég hann falsara og rógbera. Ritið Stéttabaráttan vinnur framsækinni baráttu mikið skemmdarverk, bæði með því að ljúga að EIK(m-l) hafi gert lítið úr aðgerðum ríkisstjórnarinnar (sjá Verkalýðsblaðið), og svo virðist til þjálfunar, en vinnuálag á vinnustofnunum er mjög mikið (Þangað koma u.þ.b. 7o vistmenn yfir daginn, en starfsmenn 7)

4. Á vinnustað mínum unnu allir nema heimildarmaður Stéttarbaráttunnar, sem hóf störf við stofnunina fáeinum dögum fyrir l.mars, og kona starfandi eftir hádegi, þannig að ég hafði ekki hitt hana til að ræða aðgerðir ríkisstjórnarinnar eða verkfallsboðunina. Af þessu er ljóst að ákvörðun mín um að vinna tvo umrædda morgna er í fullu samræmi við aðstæður. Hefði hins vegar verið gengið til verkfalls í samræmi við ákvörðun BSRB fólks á vinnustað væri ákvörðun mín röng og hefði um samþykkt stéttarfélags eða starfsfólks almennt verið að ræða, hefði mátt kalla mig verkfallsbrjót. Aðdróttanir heimildarmanns og blaðsins eru lágkúrulegur slefburður. Heimildarmaður Stéttarbaráttunni orðið mikið í mun, núna þegar illa er tekið að ára fyrir hentistefnunni og flestir ærlegir baráttusinnar hafa yfirgefið "KFÍ/ML", að nafngreina og skrásetja fyrir borgarastéttina, þá sem þeir telja baráttufólk.

Með þökk fyrir birtinguna
Elísabet Bjarnadóttir, starfsmaður Kópavogshæli.

Reykjavík 30.3'78

Athugasemd

Í 13.tölublaði Stéttabaráttunnar er grein undir fyrirsögninni "Verkfallsbrot". Í þeirri grein eru óprúttnar lygar settar fram um undirritaðan þar sem segir: "Jafnvel gerði einn forystumanna EIK(m-l) sig sekan um að þiggja 15% kauphækkun og fara þar með ekki út í 2 daga verkfallsbaráttuna gegn ólögunum. Þessi maður er formaður grafískra teiknara og hann gerði enga tilburði til að fá félagið til samstöðu með baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Þetta hefur hingað til verið kallað að þiggja mútur."

Fullyrðing blaðsins er í stuttu máli þessi: Formaður FGT þáði persónulega 15% kauphækkun (mútur) til þess að koma í veg fyrir að félagið færi í verkfall 1.og 2.mars.

Ef Stéttabaráttunni hefði gengið annað til en að reyna að koma höggi á EIK(m-l) og undirritaðan þá hefði þessi makalausa samsuða aldrei litið dagsins ljós - en tilgangurinn og jafnframt eini tilverugrundvöllur hópsins sem stendur á bak við blaðið eru árásir á alla framsækna baráttu og sundrungarstarf meðal alþýðunnar. Og eru þá lygin og falsið ágætir bandamenn, og líklega þeir einu.

Sannleikurinn í málinu er þessi:

Félag grafískra teiknara fékk 15% kauphækkun frá og með 1.febr. 1978. Voru þá samningar í gildi, enda hafði ríkisstjórnin þá ekki framkvæmt þær aðgerðir sem riftu þeim. Aðdragandi þessarar kauphækkunnar var viðurkenning atvinnurekenda á því að kjör FGT-félaga hefðu dregist mjög aftur út miðað við sambærilega hópa. En samkvæmt kjarasamningi FGT voru efstu laun (eftir 6 ára starf) kr. 185.229,85. Er því enginn fótur fyrir þeirri makalausu fullyrðingu Sbr. að formaður FGT hafi þegið kauphækkun einnsér í tengslum við væntanlegt verkfall 1. og 2. mars, enda ekkert farið að boða það þann 17. febr., daginn sem kauphækkunin var samþykkt.

Félag grafískra teiknara sagði síðan upp samningum sínum með bréfi dagsettu 23. febrúar eftir að ríkisstjórnin hafði rift þeim með gengisfellingu og skerðingu vísitölugreiðslna.

Grein Stb. ber yfirskriftina Verkfallsbrot, og talað um svik formanns FGT (stéttsvik segir blaðið reyndar), jafnvel meðvituð svik. Undirritaður var frá vinnu alla síðustu viku febrúar fram til 7.mars. Gat hann því tæplega framið verkfallsbrot fjarri vinnustað.

Ástæður þess að FGT fór ekki út í verkfall eru fleiri en ein - og í rauninni fyrir utan þann málatilbúnað sem Stb. hefur lagt fram.

Hingað til hafa sjálfsagt margir haldið að blað eins og Stb. væri hlynnt því að verkafólk og annað alþýðufólk fengi kjarabætur, en skúmaskotapólitík á greinilega víðar ítök en hjá Morgunblaðinu. Í stað þess að segja frá málunum eins og tíðindamaður Stb. heyrði þau þá býr hann til lygaþvælu. FGT stendur nú í kjarabaráttu þar sem markmiðið er m.a. að halda fullri vísitölu. Mun "stuðningur" Stb. við félagið líklega vekja hlýhug félags manna.

Hjálmtýr Heiðdal,
formaður FGT.





Myndin gagnrýni og sjálfsgagnrýni eftir IOSIF ROSS

Elisabetu svarað

Þú segir í bréfi þínu: ".... og hafi um samþykkt stéttarfélags eða starfsfólks almennt verið að ræða, hefði mátt kalla mig verkfallsbrjót." Við spyrjum þig, samþykkti ekki þitt stéttarfélag að hvetja þig og aðra félaga sína til að leggja niður vinnu?

Um þig segir aðeins þetta í Stb.: "..."baráttukona sem vann í verkfallinu." Ásakanir sem fram koma í greininni eru allar á hendur EIK(m-l) fyrir þá pólitík sem þau létu félaga sína starfa eftir. Svo lengi sem annað kemur ekki fram, verðum við að álíta að félagar EIK hafi þarna starfað eftir stefnu sinna samtaka.

Meðal þess sem við gagnrýnum EIK(m-l) fyrir í afstöðunni til verkfallsins er, að þau hafi tekið baráttuna gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum forystu launþegasamtakanna, fram yfir baráttuna gegn lögum ríkisvaldsins. Við teljum að baráttan hafi snúist um að sýna ríkisvaldinu fram á að launþegar létu ekki viðgangast að kjarasamningar væru ógiltir með lagaboði. Um leið berjumst við fyrir því að fjöldinn í verkalýðshreyfingunni sé virkjaður til ákvarðanatöku og baráttu. Við berjumst með fjöldanum - fyrir málstað hans og gegn röngum starfsstíl hans - með því að taka þátt í baráttu hans.

Auðvitað er erfitt að skipuleggja verkfall á vinnustað þar sem halda verður uppi neyðarþjónustu. Þá er best að samstaða náist um hvernig vinnu skuli háttað, en þegar aðeins lítill hluti starfsfólks vill fara í verkfall, verða þeir sem eftir eru að gera það upp við sig, hvort þeir vilji á meðan draga úr þeirri þjónust sem venjulega er veitt, eða bæta á sig störfum hinna fjarverandi. Síðari kostinn velja auðvitað þeir sem umhugað er að áhrif verkfallsins verði sem minnst. (Þess má geta að skömmu seinna var vinnustaður þinn lokaður fyrir vistmönnum í tæpa viku, meðan verið var að undirbúa handavinnusýningu, svo varla fer þar fram neyðarþjónusta).

Þú segir Kommúnistaflokkinn vera "...að nafngreina og skrásetja fyrir borgarastéttina, þá sem þeir telja baráttufólk." Ef þú átt hér við að nafn þitt og mynd var birt í Stb., þá er því til að svara að okkur datt ekki í hug að þú værir neitt leynilegur baráttumaður, fyrst mynd var af þér birt með nafni í Verkalýðs-

F framhald á s. 4

Hjalmtý svarað

Hjálmtýr Heiðdal hefur þurft að vanda sig sérlega vel til að geta sett saman þetta bréf, án þess að koma nærri því sem fjallað var um í greininni "Verkfallsbrot" sem birtist í Stéttabaráttunni 28. mars s.l..

Í þeirri grein er reyndar lítið fjallað um Hjálmtý en í upphafi hennar segir frá tveim stjórnarmönnum Hlífar í Hafnarfirði, að þeir hafi unnið hina tvo verkfallsdaga og gerst þannig verkfallsbrjótar. Bent var á í greininni að með þessum verknaði styddu þessir tveir verkalýðsforingjar aðför ríkisvaldsins að samningsrétti verkalýðsfélaganna.

Eftir umfjöllunina um þessa tvo herramenn stendur orðrétt "Svik við baráttu verkalýðshreyfingarinnar, þó af öðrum toga í þessu verkfalli" (er þar átt við "framsæknar baráttuaðgerðir, sem HH ritar um). Síðan er sagt frá því að "í verkfallinu unnu ýmsir félagar Eik(ml)" og frá því skýrt hvaða pólitík liggi á bak við verkfallsbrot þeirra. Síðan er sagt frá "framsæknu" starfi HH: "Jafnvel gerði einn forystumanna Eik(ml) sig sekan um að þiggja 15% kauphækkun og fara þar með ekki út í tveggja daga baráttu gegn ólögunum. Þessi maður er formaður Félags grafískra teiknara og hann gerði enga tilburði til að fá félagið til samstöðu með baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Þetta hefur hingað til verið kallað að þiggja mútur". Minna máli skiptir hvort einstaklingurinn HH var við vinnu umrædda daga heldur en að hann sem formaður í stéttarfélagi og meðlimur í Eik(ml) skyldi ekki beita áhrifum sínum til stuðnings baráttunni gegn ríkisvaldinu. Varla getur það talist haldgóð vörn að hann hafi ekki sinnt þessu verkefni sínu vegna þess að hann var í fríi. HH hefði ekki sjálfur tekið það gott og gilt ef einhver annar verkalýðsforingi hefði ekki sinnt verkfallsboðun af þessum sökum.

Hvort 15% kauphækkunin sem slík hefur haft einhver áhrif á aðgerðarleysi HH er að sjálfsögðu erfitt að segja, en sjálfur bar HH því við að erfitt hefði verið að fara út í baráttu eftir þessa hækkun. Skilgreining kommúnista á stéttasamvinnumönnum er að þeir séu uppkeyptir og fjári reyndist formaðurinn slappur í baráttunni. Í grein Stéttabaráttunnar er hvergi talað um almenna félaga FGT, heldur er rætt um formanninn einan sökum þeirrar sérstöðu hana að gegna forystuhlutverki.

Enga ástæðu gefur HH upp fyrir því hvers vegna FGT fór ekki út í verkfall en segir þær nokkrar, en ætli ekki sú ástæða vegi þungt, að engin tilraun var gerð til að kalla saman fund og leggja verkfallsboðununa fyrir félagsmenn.

Hjálmtýr veit það vel sjálfur að samlíking hans milli Stéttabaráttunnar og Mánudagsblaðsins er út í hött og þjónar ekki til neins gagns. En hann ætti þó að líta sjálfum sér nær og athuga þann málflutning sem málgagn Eik(ml) hefur haft í frammi. Sá málflutningur hefur margsinnis verið gagnrýndur af Stéttabaráttunni. Verkalýðsblaðið hefur t.d. stundað söguburð eins og þann að Kommúnistaflokkurinn ætlaði að bjóða fram til alþingiskosninganna ásamt Bjarna Guðnasyni. Ekki fæst blaðið til að birta leiðréttingar á þessum rangfærslum sínum og sýnir það sannleiksgildi greinanna þar og siðgæði blaðsins. Á sínum heimaslóðum væri því verðugur baráttuvettvangur fyrir HH.

Bréf HH endar á ósk um "stuðning" við FGT í þeirri baráttu sem framundan er og er Stéttabaráttunni það ljúft að veita hann. Reyndar ekki neinn gervi-stuðning eins og

framhald á s. 4

Alþjóðahyggja forystumanna ASÍ

Með dýpkandi kreppu í auðvaldsheiminum eykst þörfin á mikilvægi alþjóðlegrar samstöðu verkalýðsins.

Atvinnuleysi hrjáir nú alþýðu manna í Evrópu og í Ameríku. Á Íslandi er atvinnuleysisvofan með fallexina reidda og kemur það skýrt fram í hótunum atvinnurekenda og í því ástandi sem hér hefur skapast í efnahagsmálum. Þegar atvinnurekendur sjá fram á skertan gróða eða taprekstur á þeim fyrirtækjum sem eru í þeirra einkaeign, skirrast þeir ekki við því að segja fólki upp störfum. Hundruðum, þúsundum og jafnvel miljónum manna er sagt upp störfum og þeir reknir út á gaddinn allslausir. Kreppan er alþjóðlegt fyrirbrigði og afleiðing stjórnskipulags auðstéttarinnar. Kreppan er nagstjórnartæki auðstéttarinnar og henni er beitt til þess að rétta við hallarekstur auðmannanna og skapa þeim á ný þann gegndarlausa gróða sem þeir æskja. Byrðum kreppunnar velta auðjöfrarnir yfir á herðar verkalýðsins ef ekki er snúist gegn þeim áformum þeirra af fullri hörku og nógu tímanlega.

ASÍ-forystan styður ekki baráttuna gegn atvinnuleysi

5. apríl hefur verið ákveðinn sem alþjóðlegur baráttudagur gegn atvinnuleysi. Það er Alþýðusamband Evrópu sem tekið hefur daginn upp á arma sína og ákveðið að slíkt skyldi gert. Um alla Evrópu voru því haldnir fundir og aðrar baráttuaðgerðir í tilefni dagsins. Í Grikklandi var t.d. farið í allsherjarverkfall.

Alþýðusamband Íslands er einn af stofnaðilum Alþýðusambands Evrópu og því ber í raun skylda til að standa fyrir einhvers konar aðgerðum 5. apríl rétt eins og öll önnur aðildarsambönd gerðu.

En ASÍ-forystan var söm við sig og gerði ekki neitt. Ekki einu sinni kynnti hún baráttu verkalýðsins út um heim gegn atvinnuleysi. Nei hún kaus að þegja þunnu hljóði og sú afsökun sem hún bar fram til að verja þessi svik sín við alþjóðahyggju verkalýðsins var "Á Íslandi er ekkert atvinnuleysi". Ef þessi vinnubrögð eiga að tákna samstöðu með verkalýð annarra landa þá mega félagsmenn íslenskra verkalýðssamtaka einskis vænta í stuðningsskyni frá verkalýðssamtökum erlendis.

Frá erlendum verkalýðssamböndum höfum við fengið marvíslegan stuðning s.s. löndunarbann ísl. skipa erlendis þegar hér hafa staðið yfir verkföll, fjárhagsstuðning við ísl. verkfallsmenn o.s.frv.. Þegar hér skellur á atvinnuleysi er öruggt að ísl. alþýða mun þurfa á stuðningi að halda frá verkalýðssamtökum annarra landa. Þess vegna er það siðferðileg skylda allrar alþýðu á Íslandi að styðja eftir mætti baráttu stéttarbræðra sinna hvar sem er í heiminum. En eiginhagsmunapúkarnir í forystu ASÍ líta ekki við baráttu verkalýðsins gegn atvinnuleysi í öðrum löndum. Hvað munu þeir þá gera í baráttu gegn því atvinnuleysi sem atvinnurekendur eru reiðubúnir til að skella á hérlendis?

framhald af forsíðu.

Pétur „sjómaður" svíkur enn

í félaginu. Þetta sama gildir svo auðvitað um landverkafólk í svipaðri aðstöðu.

Pétur "sjómaður" hefur margsýnt að hann er svikari við baráttu sjómanna, erindreki auðvaldsins innan raða sjómanna, og er skemmst að minnast setningar bráðabirgðalaganna sem meinuðu sjómönnum að fara í verkfall. Þau lög voru sett áður en það hafði svo mikið sem komið til tals í sjómannasamtökunum að sjómenn ætluðu í verkfall.

Á þeim tíma risu sjómenn upp til baráttu og felldu með glæsibrag Pétur "sjómann" og hyski hans úr stjórn Sjómannasambandsins. Nú er kominn tími til og þó fyrr væri að fella hann einnig úr stjórn Sjómannafélagsins.

Í viðtali sem Dagblaðið tók við Óskar Vigfússon formann Sjómannasambandsins þann 10. þessa mánaðar er að heyra á honum einhvern barlóm um að sjómenn "verði að sætta sig við" aðgerðir Verkamannasambandsins. Á þessum ummælum er að skilja að Óskar geri sér ekki nægilega grein fyrir mikilvægi baráttunnar gegn ólögunum og samstöðunnar í baráttunni gegn þeim. Ólögin eru gróft samningsbrot af hendi atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Ef auðstéttin kemst upp með slíkar aðgerðir þá er ekki langt að bíða þar til önnur ólög verða sett og þá gegn sjómönnum.

Þess vegna er baráttan gegn ólögunum barátta allrar



verkalýðsstéttarinnar, líka sjómanna, gegn árás auðstéttarinnar og kjaraskerðingaráformum hennar. Þannig eiga félagsmenn verkalýðssamtakanna að líta á málin.

Mótmæli við sovéska sendiráðið

framhald af baksíðu

voru auglýstar var verið að bera klofningsstarf upp á Kommúnistaflokkinn á 21. ág. í fyrra. Meðal þess sem Eik gagnrýndi flokkinn fyrir var að 21. ág. hefðum við haldið "flokksmannasýningu" og ekki leitað eftir samfylkingu.

Verður ekki betur séð en Eik(ml) hafi gert nákvæmlega þetta, fyrir framan sovéska sendiráðið (á sama stað og aðgerðirnar 21. ág.) nú.

Baráttu gegn heimsvaldastefnu Sovétríkjanna í Afríku og víðar er nauðsynlegt að heyja. Þó sú barátta fari fram með einangruðum aðgerðum, er það engin glæpur, en vitanlega ber að afla sem víðtækastrar samstöðu. Samstöðunnar leitaði Eik(ml) greinilega ekki nú enda kannast hvorki Kommúnistaflokkurinn né önnur samtök við að til þeirra hafi verið leitað og þeir forsvarsmenn Eik sem Stéttabaráttan náði til vissu ekki heldur til þess að hafa leitað út fyrir eigin raðir.

Í dreifiriti "eikaranna" er getið að þessi mótmæli séu upphaf víðtækari mótmælaaðgerða. Er það von Kommúnistaflokksins að þá verði reynt að afla víðtækari samstöðu. Alþýða Afríku þarfnast víðtækari stuðnings í frelsisbaráttu sinni, en frá þeim einum sem Eik(ml) þóknast að útnefna marxista-lenínista.

framhald af s. 3

ELISABETU SVARAÐ

HJÁLMTY SVARAÐ

HH ýjar að (eða hvers vegna setur hann gæsalappir um orðið stuðning). Stéttabaráttan mun veita FGT þann stuðning sem henni er unnt eins og blaðið gerir alls staðar þar sem um er að ræða baráttu vinnandi fólks. En við biðjum HH að virða það við okkur að við sjáum ekki hið framsækna í "baráttu" hans þessa tvo verkfallsdaga.

blaðinu, en þaðan "stálum" við hvoru tveggja. En hvað vilt þú annars segja um það þegar Vbl. birtir nöfn og myndir af félögum KFÍ/ml, eða þegar það birtir fullt nafn þess sem í Stb. skrifaði undir GHB?

Svo við notum þitt eigið orðskrúð, þá viljum við biðja þig að sanna upp á Kommúnistaflokkinn þau "ógeðslegu svik" að hann stundi njósnir um vinstrimenn fyrir borgarastéttina, eða dragir annars til baka þann "lágkúrulega slefburð" "fals og róg".

Valdabarátta í Alþýðubandalaginu

Alþýðublaðið segir frá því á forsíðu nýlega að Snorri Jónsson varaformaður ASÍ hafi sagt sig úr uppstillingarnefnd Alþýðubandalagsins í Reykjavík vegna "ólýðræðislegra vinnubragða klíkunnar" sem blaðið kallar svo.

Það þarf engan að undra þó forystuklíka AB noti ólýðræðislegar aðferðir. Þetta er í rauninni stjórnunaraðferð borgaralegu flokkanna, fámennur hópur tekur allar ákvarðanir, almennir félagar hlýða.

Allir flokkarnir eiga við talsverð innri vandamál að stríða. Hraklegt og síversnandi efnahagsástand ýkir allar andstæður þjóðfélagsins en einnig milli klíkna og hagsmunahópa innan flokkanna.

Flestir flokkarnir hafa tekið upp prófkjör til að auka vinsældir sínar. Alþýðubandalagið notar hinsvegar hinar venjulegu aðferðir sem Snorri Jónsson lýsir.

Alþýðubandalaginu virðist hafa gengið illa að koma saman lista til alþingiskosninganna í Reykjavík. Nokkur sæti virtust ætla að losna. Magnúsi Kjartanssyni var sparkað (að vísu gefið tækifæri til að "segja af sér") en margir vildu fá sætið hans.

Hlutskarpastur virtist ætla að verða Svavar Gestsson en Ásmundur Stefánsson hagfræðingur ASÍ var studdur af Snorra Jónssyni. Og af því að Ásmundur varð undir þá fór Snorri. Fleira olli óánægju Snorra, að því er Alþýðublaðið segir.

Klíkurnar í Alþýðubandalaginu berjast þannig um fyrsta sætið á listanum í Reykjavík.

Flokkseigendaklíkan (Þjóðviljinn o. fl.) vill fá Svavar, mann á flokksvélinni. Verkalýðsfélagaarmurinn vill fá Ásmund.

Ekki geta báðar klíkurnar sigrað en sú sem lýtur lægra haldi fer í fússi og segir af sér. Það lýsir að vísu hinum svo kallaða verkalýðsflokki Alþýðubandalaginu vel, að eini fulltrúi verkalýðsins sem til greina kemur skuli vera hagfræðingur ASÍ. Vinnubrögðin lýsa líka vel lýðræðisást flokksins. Kjörorðið er: "ef ég fæ ekki að ráða þá hætti ég".



Potist nú hver sem potast getur

Berst BGH gegn heimsvaldastefnunni?

Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu-BGH nefnast samtök hér í bæ. Hreyfing þessi var stofnuð þegar Víetnamnefndin á Íslandi var lögð niður. Stéttabaráttan skýrði frá þessari hreyfingu á sínum tíma. Í stefnuskrá BGH segir að þau berjist gegn heimsvaldastefnu USA og tengdra ríkja en fellt var að berjast gegn allri heimsvaldastefnu.

Til enn frekari undirstrikunar á því að BGH berjist nú ekki gegn allri heimsvaldastefnu, mæltist fulltrúi hennar gegn því að ganga Baráttueiningar og Rauðrar verkaverkalýðseiningar bæri þessa kröfu. Setti hann það fyrir sig að fólk skildi kröfuna gegn allri heimsvaldastefnusem kröfu geng heimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Það er því greinilegt hvar BGH stendur í afstöðunni til útþenslustefnu Sovétríkjanna.

Er þá rétt af Kommúnistaflokknum að samfylkja með BGH á 1. maí? Vitanlega samfylkjum við með öllum þeim sem samþykkja þann grundvöll sem við störfum á.

Við getum ekki neitað samfylkingu með neinumvegna þess að hann sé svo og svo inn við beinið. En kommúnistar skulu alveg gera sér grein fyrir því hvað BGH er.

Ef BGH neitar að ganga undir kröfunni: Gegn allri heimsvaldastefnu, þá hlýtur sú spurning að vakna meðal stuðningsmanna hennar - hvers konar baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu er nú þetta?



Mótmæli í Tékkóslóvakíu 1968.

Stéttasamvinna

Dufþakur

Í málgögnum marxista-lenínista má oft rekast á orðið stéttasamvinna eða stéttasamvinnustefna. Þetta hugtak er iðulega notað til að lýsa starfsháttum þeirra verkalýðsforingja, sem mestu ráða innan verkalýðshreyfingarinnar. Meginkrafa marxista-lenínista varðandi stefnuna í verkalýðsmálum birtist í þessu kjörorði: Gegn stéttasamvinnu ASÍ-forystunnar - Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum. Hitt er svo annað mál að það er kannski of lítið gert af því að útskýra í hverju þessi stéttasamvinna felst. og hvaða afleiðingar hún hefur haft fyrir verkalýðsbaráttuna í heild.

Það gefur auga leið, að með hugtaki þessu er átt við samvinnu tveggja stétta: verkalýðsstéttarinnar annars vegar og auðmannastéttarinnar hins vegar. Hagsmunir þessara stétta eru gerólíkir. Auðmennirnir reyna, í krafti einkaeignar sinnar á atvinnutækjunum, að sanka að sér eins miklum gróða og mögulegt er, náttúrulega á kostnað hins vinnandi manns og með því að velta byrðum síns eigin efnahagsvanda yfir á herðar verkalýðsins, sbr. kaupránslög ríkisvaldsins frá því í febrúar. Verkalýðsstéttin reynir hins vegar með kjarasamningum að ná fram rétti sínum og því kaupi sem hún þarf til að geta framfleytt sér á. Hærra kaup þýðir minni gróði fyrir kapítalistann og öfugt.

Þar sem þessir auðmenn fara með öll völd í þjóðfélaginu er því hvers konar samvinna milli þessara stétta hagur fyrir þá, en verkalýðnum í óhag. En forystumenn Alþýðusambandsins bera ekki hag verkalýðsins fyrir brjósti.

Þvert á móti taka þeir mið af hagsmunum atvinnurekenda við gerð hverra kjarasamninga. Þetta birtist í því, að kaupkröfurnar eru miðaðar við "greiðsluþol atvinnuveganna" eins og það heitir eða spá Þjóðhagsstofnunarinnar um aukningu þjóðartekna o.s. frv. Inn í þetta dæmi kemur kökukenningin fræga. Svo og svo mikið er til skiptanna. Ef einn hópur verkalýðsstéttarinnar fær verulega kauphækkun, verður annar að láta sér lynda eitthvað minna. Öðru vísi er ekki hægt að skipta kökunni. Þessar kenningar eru runnar undan rifjum hagfræðispekinga á vegum atvinnurekenda og ASÍ-forystan tekur þær góðar og gildar.

Það er algerlega litið framhjá þeirri einföldu staðreynd, að auðvaldsþjóðfélagið lifir og hrærist á arðráninu á verkalýðnum.

Afleiðing af þessari stéttasamvinnustefnu verkalýðsforkólfanna er fótum troðið lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar og að öll raunveruleg völd innan hreyfingarinnar safnast á fárra hendur. Það er sjálfsagt óþarft að rekja nánar í hverju þessi lýðræðisskortur er fólginn, enda hefur það oft verið gert áður í þessum pistlum.

Gegn stéttasamvinnubrölti verkalýðspáfanna setja marxistar-lenínistar fram einingu á grundvelli stéttabaráttu sem skilyrði þess, að einhvers raunverulegs árangurs megi vænta í verkalýðsbaráttunni.

Stéttasamvinnan er því megin hindrunin í vegi þess, að íslensk verkalýðsstétt geti sigrast á hverskyns árásum af hendi ríkisvaldsins og atvinnurekenda. Eigi verkalýðurinn ekki að bíða algeran ósigur í þeirri miklu baráttu sem framundan er verður að ryðja þessari hindrun úr vegi að fullu. Eining verkalýðsins og allrar vinnandi alþýðu á grundvelli stéttabaráttunnar er aflið sem sigrar.

Af fjölmiðlum

HUGLÆKNINGAR OG HÆNUEGG.

Ef kannski eru undanskilin efnahagsráðstafanir ríkisvaldsins og viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar, þá hefur vart verið um annað meira rætt en andalækningar nú undanfarið. Forsaga málsins mun vera sú, að tveir athafnamenn í Reykjavík, annar í ferðabissnes og hinn í andabissnes, ákváðu að græða líka á nýrri ferðamannatekjulind á Filippseyjum og senda þangað hóp Íslendinga til meðferðar hjá andaskurðlæknum. Skömmu eftir að sjúklingarnir komu heim glaðir og reifir eftir allra meina bót, gerði sjónvarpið þeim þann grikk að sýna breska mynd sem afhjúpaði andabraskið. Samt sem áður virtust a.m.k. sumir þessara sjúklinga trúa því að þeirra andalæknar hefðu sko ekki verið neitt plat. Það sem kom mest á óvart er að fólk, sem ætla má að hafi hlotið menntun og upplýsingu, eða a.m.k. þekkingu gagnfræðaskólakrakka á líffræði, skuli geta trúað því að hægt sé að opna brjóstkassann á manni, kukla við hjartað í honum og loka svo öllu án þess að um merki sjáist. Hefur þetta lið enda orðið að almennu athlægi þótt flestir hlæi með harm í huga yfir mætti forheimskvunarinnar.

Fjölmargar rannsóknir sem gerðar hafa verið á andaskurðlækningunum, hafa allar sýnt sömu niðurstöðu - hér er um tómt plat að ræða. Hefur því víða um lönd verið bannað að auglýsa og skipuleggja ferðir sem draga sjúklinga yfir hálfan hnöttinn til þess eins að koma svo fátækari heimog uppgötva vonbrigðin seinna. Til að kóróna hvílíkt plat hér væri á ferðinni, var Baldur Brjánson galdramaður fenginn til að "skera upp" mann með höndunum í sjónvarpssal. Tókst þessi uppskurður vel og var fimlegar framkvæmdur en þeir sem áður höfðu sést. Baldur losaði sjúkling sinn við hvimleiðan kirtil og einnig náði hann úr kviðarholi hans heilu hænueggi sem eflaust var búið að valda sárum meltingartruflunum. Er því viðbúið að sjúklingnum líði betur þótt sparað hafi sér Filippseyjaferð.

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

Athugasemd

Stéttabaráttan fjallar um viðtal við mig í 4. tbl. Verkalýðsblaðsins. Segir Stéttabaráttan það sjálfbirgingshátt að taka svo til orða: "Gamli KFÍ sem var um margt gallaður flokkur átti upphaf ekki ósvipað Eik(ml)" - vegna verkalýðstengsla flokksins.

Þá eru Eik(ml) sögð eiga hvergi fylgi nema í Háskólanum og meðal erlendra námsmanna. Loks er það sagt lítillækka baráttuna á kreppuárunum þegar ég segi: "kommúnistar nú á tímum standa betur að vígi en kommúnistar þá og hafa náð betri árangri á svipuðum tíma".

Í fyrsta lagi átti KFÍ ekki upphaf á þingi ASÍ 1930, þar var aðeins lokaskrefið tekið. KFÍ átti upphaf meðal róttækra námsmanna, menntamanna og örfárra verkamanna innan jafnaðarmannafélaga, með Jafnaðarmannafélaginu Spörtu og Áhugaliði alþýðunnar. Marx-lenínisk samtök þessa áratugs eiga sér svipaða sögu. Athugasemd Stb. er algjörlega út í bláinn.

Í öðru lagi eiga Eik(ml) marga félaga innan stéttarfélaga og á vinnustöðum, sbr. efni fréttaritara í Verkalýðsblaðinu. Og varla reyndi Stb að kenna Eik(ml) Elísabeti Bjarnadóttur í sama blaði og umrædd grein um mig er, e hún væri starfsliði á Kópavogshæli. Eða þá fjalla um félaga Eik(ml) í Dagsbrún ef engir væru þar. Það er vont að vera sjálfum sér ósamkvæmur.

Í þriðja lagi standa kommúnistar nú betur að vígi en áður vegna margfalt betri og víðtækari afhjúpunar á henti- og endurskoðunarstefnunni. Að auki er árangur Eik(ml) á rúmum 3 árum vissulega meiri en árangur kommúnista 1924-29 enda svo augljóslega verið að tala um starf fyrir flokkstofnun, en ekki um starf KFÍ. Athugasemd Stb. byggir því á útúrsnúningum.

Með þökk fyrir birtinguna,
Ari Trausti Guðmundsson.
Óskast birt að blaðasið. ATG

RAUÐUR VETTVANGUR
frá lesendum

ÖFLUG SAMFYLKING 1. MAÍ.
Framhald af forsíðu.

með samkomulagi, í þeim tilgangi að leggja bæri höfuðáherslu á aðalatriðin en þau smærri yrðu ekki látin verða sú þúfa sem velti stóra hlassinu.

En allt um það, nú getur verkafólk og vinnandi alþýða komið fram sem róttækur kraftur, sameinaður og fjölmennur, undir rauðum fánum og kjörorðum sem tákna markmið fjöldans.

VERKFALLSBROT HJÁ STJÓRNARMÖNNUM IÐJU.
Framhald af baksíðu

Er slíkt vitanlega algjörlega óleyfilegt og hefur fyrirtækið verið krafið um endurgreiðslu á þessum dögum. Beinir Stéttabaráttan því til verkafólks að láta atvinnurekendur ekki komast upp með slíkt.

Athugasemd Ara svarað

Stéttabaráttan þakkar Ara T. Guðmundssyni fyrir þetta greinarkorn hans, sem er ansi skemmtileg viðurkenning á því að allt sem Stb. sagði var hárrétt að undanteknu því að of djúpt var tekið í árinni með eitt atriði.

Í fyrsta lagi viðurkennir Ari að ummæli hans um það að upphaf Eik(ml) væri svipað upphafi KFÍ séu röng. En í stað þess að viðurkenna það opinskátt að honum hafi orðið á í messunni, reynir hann að bjarga sér í horn (eins og sagt er á máli knattleikjanna).

Allt í einu er Ari nú ekki lengur að tala um gamla KFÍ í ummælum sínum heldur er hann að tala um það tímabil þegar gamli KFÍ var ekki til.

Án þess að það kæmi nokkur staðar fram í viðtalinu við hann þá var hann alla tíð að meina jafnaðarmannafélögin 1924-29, þegar hann sagði gamli KFÍ. Þetta er gamalt bragð þeirra sem ekki ganga heilir til skógar og vilja rangsnúa hlutunum. Þeir segja eitt í dag og á morgun segjast þeir svo hafa meint annað.

Í öðru lagi vill Stéttabaráttan viðurkenna það fúslega að hún kvað of hart að þegar hún sagði:" Það er kátbroslegt að jafna tilurð KFÍ við Eik(ml) sem eiga hvergi fylgi nema í Háskólanum og meðal erlendra námsmanna". Þar átti að standa næstum hvergi, því það er rett hjá Ara að Eik(ml) eiga félaga á nokkrum stöðum innan verkalýðshreyfingarinnar. En þetta tók Stéttabaráttan ekki fram vegna þess hve lítið fer fyrir þessum "eikurum".

Í þriðja lagi verða menn að gera sér fulla grein fyrir því að þegar Ari segir "kommúnistar" þá meinar hann " eikarar". Því samkvæmt skilgreiningu Eik(ml) þá hafa samtökin sameinað nær alla ísl. kommúnista innan sinna raða.

Hátíðlega yfirlýsingin hans Ara í þriðja lið "kommúnistar standa nú betur að vígi o.s. frv." er byggð á orðskrúði, því hann heldur að "afhjúpunin á henti-og endurskoðunarsinnum" geti farið fram í kollinum á örfáum mönnum, sem síðan gefi út yfirlýsingar og þannig sé tilganginum náð. En svo einfalt er þetta nú ekki.

Raunverulegur árangur í baráttunni gegn andstæðingunum næst ekki fyrr en þeir hafa verið afhjúpaðir fyrir fjöldanum. Og á því sviði að afhjúpa svikarana fyrir fjöldanum stóð gamli KFÍ svo langt framar Eik(ml) að skömm er að því að bera það saman.

Já Ari minn, mundu það nú að lýðskrumið er einn versti óvinur verkalýðsstéttarinnar.

Án rannsóknar átt þú engan rétt á því að tala. Þessu gleymdir þú og féllst því í gryfju orðskrumsins. Nú reynir þú að klóra í bakkann en þó þú sért fingralangur þá ertu ekki nógu traustbyggður til að komast upp úr. Nema með heiðarlegri sjálfsgagnrýni.

P.S. Ari óskar þess að grein hans verði birt að blaðasið. Nú hefur Kommúnistaflokkur Íslands ML sent málgagni Eik(ml) fjölda bréfa sem það hefur ekki birt. Nú hlýtur formaðurinn að ráða bót á þessum blaðaósið málgagns hans hið bráðasta.

Verjum málstað leigjenda

Framhald af baksíðu

á þá leið að leigusalar hafa haft með sér samtök sem gefið hafa út húsaleigusamning sem leigutakar hafa verið nauðbeygðir til að sætta sig við. Sá samningur er mjög svo á einn veg um að tryggja "rétt" leigusala algerlega á kostnað leigutaka sem er svo að segja réttlaus. Hefur þessi samningur margsinnis leitt til þess að leigjendur eru bornir út á götuna, á þeim er okrað gegndarlaust, þeir látnir borga ýmsa galla á leiguhúsnæðinu og viðhald, og svona mætti lengi telja.

Gegn þessari svívirðu hafa leigutakar staðið nær algerlega varnarlausir, vegna þess að þeir hafa ekki haft með sér nein skipulagsbundin samtök og eins hafa yfirvöld í þjóðfélaginu verið þeim andhverf og verkalýðshreyfingin látið undir höfuð leggjast að gera neitt í málinu.

Meira að segja hefur þetta mál húsnæðismálið, gengið svo langt að leigusalinn fær borgað undir borðið þannig að hann getur svo svikið undan skatti en leigutakinn, hversu mikið sem hann er píndur til að borga í leigu, fær engan frádrátt. Jafnvel þó húseigandaokrarinn hirði hálft mánaðarkaup hans. Jafn miskunnarlaust hirðir ríkisvaldið allt sem því er mögulegt að hremma úr launaumslagi alþýðumannsins.

Þessu ófremdarástandi verður nú að snúa við. Það verður ærið verkefni þeirra leigjendasamtaka sem á nú að stofna og er því nauðsynlegt að samtökin fái alla þá mögulegu aðstoð sem þeim er hægt að veita. Þar verða leigjendur að leggja sitt að mörkum, verkalýðshreyfingin, stjórnmálaflokkar og aðrir einstaklingar sem vinsamlegir eru málstað leigjenda.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
15.tbl. 7. árg. 4.11. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 178
101 R

Fræðist um KFI/ML

Margir lesendur blaðsins hafa sjálfsagt áhuga á að fræðast frekar um starf og stefnu KFÍ/ML. Það hefur hins vegar brunnið við að fólk sem hefur þennan áhuga viti ekki hvert það á að snúa sér, eða hvort nokkurt fræðslustarf fari yfirleitt fram á vegum flokksins. En eins og oftlega hefur verið getið um í blaðinu gefur flokkurinn þeim sem áhuga hafa, kost á að ganga inn í svokallaða námshringi, sem eru reglulegur liður í starfsemi flokksins. Námshringjunum er ætlað að fræða fólk um þau grundvallaratriði sem stefna flokksins byggir á og jafnframt fer þar fram kynning á því starfi sem hann vinnur á hinum ýmsu sviðum þjóðmála. KFÍ/ML telur nauðsynlegt að sem flestir kynni sér þjóðfélagsvísindi marxismans-lenínismans og vill því hvetja alla þá sem áhuga hafa á að kynna sér málin út frá sjónarhóli flokksins til að láta skrá sig í námshringina. Innritun fer fram alla virka daga í Rauðu Stjörnunni Lindargötu 15, síma 27810 frá kl. 15:30-18:30 og einnig bréflega í pósthólf 1357, 121R merkt KFÍ/ML. Þeim sem búsettir eru úti á landi skal bent á að skrifa til flokksins þannig að hægt sé að senda þeim efni námshringjanna.



Verjum málstað leigjenda

Eins og komið hefur fram í Stéttabaráttunni og víðar hefur nú verið ákveðið að ráðast í stofnun leigjendasamtaka.

Þetta hefur verið brýnt verkefni nú í áraraðir sem allir hafa vitað af en engin tekið frumkvæðið til að framkvæma fyrr en nú. Ástandið í húsaleigumálum hefur verið

Framhald á síðu 5.

Ærumissir Katrínar Blum

Í Háskólabíói er um þessar mundir sýnd myndin "Ærumissir Katrínar Blum".

Vert er að benda lesendum á að sjá þessa mynd, fyrr en seinna, því þarna er á ferð stórgóð mynd byggð á sögu eftir Heinrich Böll.

Sagan styðst við atburði sem áttu sér stað í Þýskalandi, fyrir ekki all löngu síðan. Þar er greint frá því hvernig vinnustúlkan K. B. verður fyrir barðinu á Springer-blaðahringnum, sem gerir sér óspart mat úr því að upp kemst að hún hefur skotið skjólshúsi yfir skæruliða.

Ósvífnar starfsaðferðir "gulu pressunnar" eru sýndar að verki og hvernig logið er upp sölulegum forsíðufréttum undir yfirskyni frjálsrar blaðamennsku. Katrín, sem fram að þessu hafði lifað rólegu og tilþrifalitlu líferni er gerð að viðbjóðlegu skrímsli í augum lesenda og líf hennar er endanlega lagt í rúst.



Angela Winkler í hlutverki Katrínar Blum

Ekki er hægt að ganga frá þessari mynd, án þess að verða hugsað til gulu pressunnar á Íslandi, hins óháða og frjálsa Dagblaðs. Starfsaðferðum þess svipar um margt til starfshátta Springer-hringsins. Blaðamenn Dagblaðsins hafa aðstöðu til að hlera (ólöglega) örbylgjurásir lögreglunnar og eru því oft komnir á vettvang á undan henni. Þar svala ljósmyndarar blaðsins sannleiksást sinni á því að mynda þolendur slysa eða aðstandendur þeirra við erfiðustu aðstæður. Hörmungar þessa fólks eða friðhelgi einkalífsins er þeim engin þyrnir í augum.

Þar eru fréttir gerðar "læsilegri" með ýmsum ráðum og ef staðreyndirnar duga ekki til þá er hugmyndafluginu gefinn laus taumur. Það er engin tilviljun að sumir blaðamanna þar klíndu áður sóðalegu hugmyndaflugi sínu á síður sorpritsins Samúels.

Dæmi um það hvernig þeir hafa þefað uppi slúðursögur eða ótímabærar fréttir eru mýmörg og óþarfi að telja þau upp. Skemmst er þó að minnast er þeir birtu fregnir af hinu sviplega láti Vilhjálms Vilhjálmssonar söngvara, fáum klukkustundum eftir að það átti sér stað og örugglega áður en náðst hafði í alla aðstandendur. Menn geta gert sér í hugarlund hvílík áhrif þess háttar vinnubrögð geta haft. Frammi fyrir þessu stendur fólk varnarlaust og getur enga hönd borið yfir höfuð sér, rétt eins og Katrín Blum.

Verkfallsbrot hjá stjórnar mönnum Iðju

Stéttabaráttan hefur aflað sér þeirra upplýsinga að tveir af stjórnarmönnum Iðju í Reykjavík unnu báða verkfallsdagana 1. og 2. mars. Menn þessir eru Guðmundur Guðni Guðmundsson og Jón Björnsson. en þeir hafa báðir tekið þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokksmenn í stjórninni höfðu snúist gegn því að félagið hvetti til verkfalls, en þorðu svo ekki að standa við það í atkvæðagreiðslunni og var samþykkt mótatkvæðalaust í stjórn og trúnaðarmannaráði Iðju að hvetja félagsmenn til að leggja niður vinnu umrædda daga. Þessir "löghlýðnu lýðræðissinnar" fara svo ekki eftir reglum lýðræðisins lengur en þeim hentar. Þannig hunsa þeir lýðræðislega tekna ákvörðun og meirihlutavald, þegar þeir þurfa að þjóna Sjálfstæðisflokknum. Miklar umræður urðu um þetta verkfallsbrot á fundi í trúnaðarráði og komu þar fram harðar vítur á verkfallsbrjótana og einnig á formann félagsins fyrir ummæli hans í blöðum. Ekki töldu stjórnarmenn þó rétt að samþykkja formlegar vítur eða vísa mönnunum úr stjórninni, því það mundi veikja stöðu félagsins í komandi átökum. Stéttabaráttan telur það algjöra óhæfu að verkfallsbrjótar fái að sitja í stjórnum verkalýðsfélaga og telur að slíka menn eigi að reka. Við hvetjum því félaga í Iðju til að sjá til þess að slíkir menn verði ekki kosnir í næstu stjórn.


Nýlega var haldið þing Landssambands iðnverkafólks og var þar kosið í stjórn. Uppstillingarnefnd hafði tilnefnt Guðmund Guðna í miðstjórn, en stungið var upp á manni í viðbót og náði GG þá ekki kjöri. Er víst að það var vegna verkfallsbrotsins.

Fyrir skömmu mætti verkamaður úr Coca Cola á skrifstofu Iðju með uppsagnarbréf undirritað af Jóni Björnssyni trúnaðarmanni félagsins þar. Þegar gengist var í málinu var uppsögnin dregin til baka í skyndi. Jón er nú farinn að vinna á skrifstofunni hjá Kók og á hann því ekkert erindi í Iðju, ekki síst eftir að hann er kominn í þá stöðu að reka félaga sína. Er það reyndar ekki eindæmi í verkalýðshreyfingunni að trúnaðarmenn séu í raun fulltrúar atvinnurekenda. Sýnir það hve illa er komið í verkalýðshreyfingunni.

Iðnrekendur hafa borið sig mannalega yfir því hve þátttaka Iðjufélaga hafi verið lítil í verkfallinu. Á mörgum vinnustöðum lagðist hins vegar algjörlega niður vinna og t.d. mætti minnihlutinn í Kók þótt stjórnarmaðurinn ynni. Í Hampiðjunni lagðist ein vaktin algjörlega niður og víðar var lítið mætt. Þeir sem mættu fengu hins vegar tertur að launum og hefur þeim væntanlega heilsast vel af "hveitiklístri og froðu", eins og hitt verkafólkið kallaði þessa lítilvægu uppákomu. Eftir verkfallið gekk forstjórinn að þeim sem veikir höfðu verið og spurði þá hvort þeir hefðu mætt ef þeir hefðu getað. Lét hann svo draga tvo daga af kaupi þeirra sem svöruðu nei.

Framhald á síðu 5.

Mótmæli við soveska sendiráðið



Frá mótmælastöðunni

Eik(ml) og Verkalýðsblaðið stóðu fyrir mótmælastöðu við sovéska sendiráðið á föstudaginn var. Milli kl. 3 og 7 stóðu menn þar til skiptis 3-10 í einu og einnig flutti Albert Einarsson þar ræðu. Í dreifiriti þeirra kom fram að hér væri ekki um fjöldaaðgerð að ræða, heldur táknræn mótmæli. Kjörorð mómælaaðgerðanna var: Sovétríkin og Kúba burt úr Norðaustur-Afríku.

Stéttabaráttan reyndi að afla sér upplýsinga um hvort Eik (ml) hefði reynt að ná víðtækri samstöðu um þessar aðgerðir, ekki síst með tilliti til þess að í sama blaði og aðgerðirnar

Framhald á síðu 4